



Skólaárið 2021 – 2022

Í janúar 2021 hófst samstarf okkar við grunnskólann Základní škola Karla Jeřábka 941 í bænum Roudnice nad Labem í Tékklandi. Bærinn er í norðvestur hluta Tékklands, í um klukkustundar akstursfjarlægð frá höfuðborginni Prag.



Hófst á þann veg að við fengum tölvupóst sem innihélt kynningarmyndband sem tekið var upp í skólanum án nemenda því þeir voru meira og minna heima vegna covid faraldursins. Huldu Hrönn Sigurðardóttur, þáverandi deildarstjóra sérkennslu, fannst eitthvað áhugaverðara við þennan póst en aðra Erasmus tölvupósta. Þannig hófst samstarfið. Martina Křížová hefur frá upphafi verið verkefnisstjóri í tékkneska skólanum en Hulda Hrönn Sigurðardóttir hefur stýrt verkefnum fyrir Grunnskólann í Borgarnesi, í sjálfböðavinnu, þar sem Erasmus starfið á í raun hvergi heima. Frá 2023 hefur Hildur Hallkelsdóttir starfað með henni í þessu verkefni. Einnig sem sjálfböðaliði.

Til að koma af stað þessu fyrsta verkefni var sótt um styrk í Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins. Styrkurinn fékkst út sjóði sem við getum ekki sótt um í, en getum verið félagar (partner) skóla í landi sem er í Evrópusambandinu. Og um haustið hófst verkefnið. Fjarfundir og rafrænt samstarf fram eftir hausti en í lok október sóttu fjórir kennarar úr skólanum okkar tékkneska skólann heim. Þeir dvöldu í viku í Roudnice nad Labem og nágrannabæ og tóku þátt í kennslu á útikennslusvæði skólans, sem er í gamalli myllu í um hálf tíma lestarferð frá skólanum. Unnið var að samþættu verkefni nokkurra námsgreina sem byggði á sögu staðarins, náttúrunni í kring og menningartengdu þema. Þetta var mikil upplifun og afar vel tekið á móti hópnum. Það eru um 13.000 íbúar í Roudnice nad Labem en um 850.000 íbúar eru í Ústí nad Labem

héraðinu. Fréttamaður á sjónvarpsstöðinni í héraðinu (local TV) mætti og tók viðtal við þær stóllur sem voru okkar fulltrúar; Birna Hlín Guðjónsdóttir, Helena Björk Guðmundsdóttir, Helga Harðardóttir og Helga Stefanía Magnúsdóttir. Viðtalið var sýnt í sjónvarpinu.




Útikennslusvæði tékkneska skólans.



Í höfðuborginni Prag.



Frú Olga Mataková, skólastjóri (lengst til vinstri).



Í Základní škola karla jeřábka 941.



Nemendahópurinn ásamt kennurum sínum og kennurum frá GB í útikennslustofunni.

Í febrúar 2022 tókum við í GB á móti fjórum kennurum og verkefnisstjóra frá tékkneska samstarfsskólanum. Það voru þau Gabriela Skrabalová, aðstoðarskólastjóri, Martina Krizová, verkefnisstjóri og kennararnir Jan Heider, Vojta Zeman og Helena Puharicova.

Árgangur 2007 í GB, ásamt umsjónarkennurum sínum Birnu Hlín og Ingu Margréti tók þátt í verkefni í sögu- og menningartengdu þema. Það gerðu krakkarnir af stakri snilld, þó vissulega væri erfitt að fara í gegnum heilu kennslustundirnar sem voru alfarið á ensku. Verkefnið var samið af Huldu Hrönn og bar heitið „The saga shapes the town“ og fjallaði um áhrif Egilssögu á mótun Borgarness. Gestakennararnir heimsóttu ýmsa sögustaði í Borgarnesi, í fylgd nemenda og dásömuðu bæði aðstöðuna í skólanum og fallega

umgjörð bæjarins. Það var snjór og vont veður þann tíma sem þau dvöldu í Borgarnesi, þar af rauð viðvörðun þrjá daga. En þeim fannst þetta ógleymanleg upplifun, bæði dvölin í bænum og ferðir í fylgd kennara um Borgarfjarðarhérað. Það að sitja í heitum potti í stormi og snjókomu höfðu þau til dæmis aldrei upplifað. Né heldur að björgunarsveitarmenn tækju að sér það verkefni að aðstoða nemendur úr skólanum í hvassviðri og snjókomu.



Jan, Helena, Gabriela, Martina og Vojta.



Martina, verkefnisstjóri.



Hópurinn fór í ferð um uppsveitirnar og kynnti sér meðal annars íslenska hestinn og nýtingu jarðhita á Sturlu-Reykjum.



Hlökkver Ingi Gunnarsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar var með kynningu fyrir hópinn um skólakerfið í Borgarbyggð.



Nemendur 9.bekkjar unnu að verkefni með erlendu gestakennurunum í heila viku.



Nemendur kynntu afrakstur verkefnis „The saga shapes the town“. Allt unnið á ensku. Það var mjög krefjandi en nemendur lögðu sig fram við að gera vel.